

Tillaga um þróunarverkefni til að auka íþróttapátttöku og inngildingu í Breiðholti

Lagt er til að menningar- og íþróttaráð fyrir hönd Reykjavíkurborgar samþykki að taka þátt í þróunarverkefni um aukna inngildingu, sem hefur það markmið að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í Breiðholti, í íþróttum og öðru skipulögðu frístundastarfi með sérstakri áherslu á Efra-Breiðholt. Menningar- og íþróttaráð skipi fulltrúa í verkefnastjórn sem móti tillögur um aðgerðir og fylgi þeim eftir með innleiðingaráætlun og mati á árangri. Gert er ráð fyrir að Íþróttabandalag Reykjavíkur og Suðurmíðstöð skipi aðra fulltrúa í verkefnastjórnina, sem hafi náið samráð við íþróttafélög og skólasamfélagið í Breiðholti.

Lagt er til að menningar- og íþróttaráð taki þátt í fjármögnun verkefnisins með 4 m.kr. framlagi á árinu 2025/2026 sem tekið verði úr fjárhagsramma menningar- og íþróttasviðs. Stefnt verði að sambærilegu framlagi á árunum 2026-2027 skv. nánari ákvörðun ráðsins við mótnun fjárhagsáætlunar.

Greinargerð

Íþróttabandalag Reykjavíkur í samstarfi við menningar- og íþróttasvið Reykjavíkurborgar og Suðurmíðstöð hefur unnið að undirbúningi þróunarverkefnis, sem hefur það að markmiði að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í íþróttum og öðru skipulögðu frístundastarfi í öllu hverfinu með sérstakri áherslu á Efra Breiðholt. Verkefnið miðar að inngildingu, auknu framboði íþróttagreina og styrkingu íþróttastarfs í hverfinu. Mynduð verður verkefnisstjórn skipuð fulltrúum frá ÍBR, MÍR og Suðurmíðstöð og starfi hún í nánú samstarfi við íþróttafélög og grunnskóla í hverfinu.

Stefnt er að því að í hverfinu 111 aukist þátttaka barna af erlendum uppruna, og dregið verði úr kynjamun varðandi þátttöku í íþróttum og öðru skipulögðu frístundastarfi og framboð á skipulögðu tómstundastarfi verði í takt við þarfir iðkenda. Til að styðja við átaksverkefnið verður unnið að því að tryggja aðgang að mannvirkjum íþróttaborgarinnar og leitast við að stuðla að farsæld barna í gegnum samfelldan vinnudag þannig að skipulagt tómstundastarf geti haldist í hendur við skólasókn. Æskilegt er að færa íþrótt- og tómstundastarf sem mest inn á skólatíma, tryggja bæði aðgengi og úthlutun tíma sem hentar börnum því þannig aukast líkur á því að þau sem virkilega hafa áhuga á að taka þátt hafi raunhæfa möguleika á að gera það.

Annar tilgangur með verkefninu er að bjóða upp á æfingar og þjálfun í íþróttagreinum í hverfinu sem höfða meira til barna með annan menningarbakgrunn og fjölga íþróttagreinum í Breiðholti.

Mikilvægt er að ná betur til foreldra og að auka þekkingu allra á Frístundakortinu og þeim möguleikum sem það býður upp á. Jafnframt að kynna forvarnargildi íþróttar á Íslandi og byggja upp á traust milli fólks í hverfinu og til þeirrar þjónustu sem er í boði.

Loks er stefnt að því að færa verkefnið yfir í önnur hverfi borgarinnar þegar mælanlegur árangur liggur fyrir og læra af reynslunni.

Íþróttastarf í Breiðholti

Í Breiðholti eru starfandi fjögur félög með íþróttir fyrir börn og unglinga: Íþróttafélag Reykjavíkur, Leiknir, Ægir og Aþena. Félögin eru aðilar að Íþróttabandalagi Reykjavíkur (ÍBR) sem er aðili að Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ) og Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ). Barna- og menntamálaráðuneytið hefur innleitt lög um farsæld barna og hluti af því er framlag til stofnunar svæðamiðstöðva íþróttahreyfingarinnar sem eiga m.a. að vinna að inngildingu barna og unglinga af erlendum uppruna. Ein slík miðstöð er einmitt starfrækt á höfuðborgarsvæðinu. Reykjavíkurborg sinnir þessum málum í gegnum Menningar- og íþróttasvið sem fer fyrir málaflokki íþróttamála í borginni og í Suðurmiðstöð sem sinnir velferðar- og frístundamálum í Breiðholti.